

STARFSSKÝRSLA 2017

SKÝRSLA BREIÐAFJARÐARNEFNDAR

TIL UMHVERFIS- OG AUÐLINDARÁÐHERRA



Arnarungi á Breiðafirði

Mynd: Róbert A. Stefánsson

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Starfsemi á árinu 2017	4
Umsögn um erindi.....	4
Framkvæmdaáætlun 2018-2020.....	4
Endurskoðun laga um vernd Breiðafjarðar – greinargerð og drög að bréfi til ráðherra	5
Jarða- og eigendaskrá	5
Afleiðingar tilnefningar á Ramsarskrá.....	6
Örnefnaskráning	6
Bæklingar Breiðafjarðarnefndar	6
Hlunnindabæklingur.....	6
Öryggis- og umgengnisbæklingur	6
Heimasíða Breiðafjarðarnefndar	7
Fornminjar.....	7
Vettvangsferð.....	7
Reglugerð um öflun sjávargróðurs.....	7
Önnur mál	8
VIÐAUKI.....	10

Inngangur

Breiðafjarðarnefnd starfar í samræmi við lög nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar, en tilgangur laganna er að stuðla að verndun Breiðafjarðar, einkum landslags, jarðmyndana, lífríkis og menningarminja. Hlutverk nefndarinnar er að vera ráðherra til ráðgjafar um allt það er lýtur að framkvæmd laga um vernd Breiðafjarðar.

Allt frá því að lög um Breiðafjörð voru samþykkt á Alþingi hafa orðið nokkrar breytingar á lögunum en þau eru jafnóðum uppfærð á heimasíðu Alþingis, sbr.

<https://www.althingi.is/lagas/146a/1995054.html>.

Aðsetur Breiðafjarðarnefndar

Skrifstofa Breiðafjarðarnefndar er samkvæmt ákvörðun umhverfis- og auðlindaráðherra vistuð hjá Náttúrustofu Vesturlands, Hafnargötu 3, í Stykkishólmi og hefur svo verið frá árinu 2001.

Skipan Breiðafjarðarnefndar

Umhverfis- og auðlindaráðherra, sem fer með stjórn mála er varðar vernd Breiðafjarðar, skipar fulltrúa í Breiðafjarðarnefnd. Hlutverk Breiðafjarðarnefndar er að vera ráðherra til ráðgjafar um allt það er lýtur að framkvæmd laganna og skal árlega gefa ráðherra skýrslu um störf sín. Um skipan Breiðafjarðarnefndar er fjallað í 4 gr. laganna en þar segir m.a.: „Í nefndinni eiga sæti sjö menn, sem ráðherra skipar til fjögurra ára í senn sem hér segir: [Sveitarfélög sem liggja að Breiðafirði tilnefna fjóra fulltrúa á þann hátt sem ráðherra ákveður í reglugerð], 2)

Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur á Vesturlandi og Vestfjörðum einn sameiginlega og einn er tilnefndur af þjóðminjaráði. [Ráðherra] skipar einn mann í nefndina án tilnefningar og skal hann vera formaður. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.“

Nefnd ársins 2017 var skipuð af ráðherra þann 9. júní 2017.

Eftirfarandi fulltrúar sátu í Breiðafjarðarnefnd árið 2017:

- Erla Friðriksdóttir, formaður, skipuð án tilnefningar, til vara Guðríður Þorvarðardóttir.
- Eiríkur Snæbjörnsson, tilnefndur af Reykhólahreppi, til vara Signý Magnfríður Jónsdóttir.
- Arnheiður Jónsdóttir tilnefnd af Vesturbyggð, til vara Úlfar B. Thoroddsen.
- Eyjólfur Ingvi Bjarnason, tilnefndur af Dalabyggð, til vara Bjarnheiður Jóhannsdóttir.
- Ragnhildur Sigurðardóttir, tilnefnd sameiginlega af Stykkishólmsbæ, Helgafellssveit, Grundarfjarðarbæ og Snæfellsbæ, til vara Sturla Böðvarsson.
- Magnús A. Sigurðsson, tilnefndur af Minjastofnun Íslands, til vara Agnes Stefánsdóttir.
- Róbert A. Stefánsson, tilnefndur af Náttúrufræðistofnun Íslands, Náttúrustofu Vestfjarða og Náttúrustofu Vesturlands, til vara Hulda Birna Albertsdóttir.

Theódóra Matthíasdóttir, starfsmaður Náttúrustofu Vesturlands, gegndi starfi ritara Breiðafjarðarnefndar árið 2017 í 25% starfshlutfalli framan af. Í lok ársins var gerður sérsamningur

við Náttúrustofu Vesturlands um 60% starfshlutfall Theódóru til áramóta svo að hún gæti sinnt þeim málum nefndarinnar sem brýnt þótti að ljúka fyrir byrjun árs 2018.

Fundir Breiðafjarðarnefndar

Breiðafjarðarnefnd hélt fimm nefndarfundi á árinu 2017 og voru þrír þeirra haldnir í Stykkishólmi, einn í Búðardal og einn í Bjarkarlundi. Í samræmi við fjögurra ára skipunartíma hefði átt að skipa í nýja nefnd á haustmánuðum 2016 en tafðist það sökum Alþingiskosninga og ráðherraskipta. Þið eftir skipan nýrrar nefndar olli því að nefndarstörf voru í lágmarki fram eftir árinu 2017.

Auk hefðbundinna nefndarfunda sóttu fulltrúar Breiðafjarðar fund á nefndasviði Alþingis vegna frumvarpsdraga um öflun sjávargróðurs í atvinnuskyni þann 17. maí 2017. Erla Friðriksdóttir, formaður og Guðríður Þorvarðardóttir, varaformaður áttu fund með fulltrúum umhverfis- og auðlindaráðuneytinu varðandi fyrirkomulag nefndarinnar þann 24. október 2017. Breiðafjarðarnefnd fundaði einnig óformlega með fulltrúum sveitarstjórna Dalabyggðar og Reykhólahrepps samhliða fundum sínum í Búðardal og Bjarkarlundi.

Umfjöllun mála og afgreiðslur nefndarinnar er að finna í fundargerðum sem fylgja skýrslunni í *Viðauka I*.

Kostnaður við störf nefndarinnar

Fjárveitingar til Breiðafjarðarnefndar skv. fjárlögum fyrir árið 2017 námu 9,8 millj. kr. Þar sem nefndarstörf voru í lágmarki seinni part árs 2016 færðust 4.403.033 krónur yfir á rekstrarárið 2017. Stærstum hluta þeirrar upphæðar hafði þó þegar verið ráðstafað í ákveðin verkefni sem ekki náðist að framkvæma árið 2016. Við lok árs 2017 voru eftirstöðvar 4.821.479 krónur sem færast yfir á árið 2018 og er að mestu búið að ánafna í ákveðin verkefni.

Fjármál Breiðafjarðarnefndar árið 2017

Fjárheimild ársins 2017	9.800.000	
Eftirstöður frá árinu 2016	4.403.033	
Samtals fjárheimild	14.203.033	
Kostnaður vegna funda:		
Nefndarlaun vegna ársins 2016		331.926
Launatengd gjöld v. nefndarlauna 2016		49.223
Akstur, bílaleigubílar, gistirými og dagpeningar		573.767
Annar kostnaður vegna funda		190.990
Rekstur skrifstofu:		
Samningur við Náttúrustofu Vesturlands v. ritara og skrifstofu		2.937.729
Tölvu- og kerfisfræðipjónusta (vistun heimasíðu)		29.643
Vextir, bætur, skattar		4.432
Opinber gjöld		35.040

Sérfræðipjónusta		85.426
Verkefni á vegum nefndarinnar:		
Hönnun hlunnindabæklings		47.120
Þýðing hlunnindabæklings á ensku		19.261
Anok vegna öryggisbæklings skv. samningi		164.000
NSV vegna öryggisbæklings skv. samningi		1.429.248
Örnefnaskráningar í Svefneyjum		1.153.749
NSV vegna aukins starfshlutfalls ritara skv. samningi		450.000
Fornminjafélag Barðstrendinga og Dalamanna v/Flateyjar		1.500.000
Fornminjafélag Barðstrendinga og Dalamanna v/Staðarhóls		400.000
Alls	14.203.033	9.381.554

Eftirstöðvar sem flytjast yfir á 2018

4.821.479

Starfsemi á árinu 2017

Umsögn um erindi

Á árinu 2017 fjallaði Breiðafjarðarnefnd, sem fyrr, um erindi sem nefndinni bárust. Flest voru erindi vegna skipulagsmála. Varðandi afgreiðslu innsendra erinda er vísað í meðfylgjandi fundargerðir í viðauka.

Í verndaráætlun fyrir Breiðafjörð 2014-2019 er urmull verkefna sem gert var ráð fyrir að ljúka á gildistíma áætlunarinnar. Á öðrum fundi nýrrar nefndar í ágúst 2017 var samþykkt að ritari mótaði drög að framkvæmdaáætlun fyrir starf á vegum nefndarinnar til ársloka 2017, m.a. með hliðsjón af umræðum á fyrstu tveim fundum nefndarinnar. Á þeirri áætlun voru meðal annars verkefni á borð við gerð framkvæmdaáætlunar fyrir skipunartíma nefndarinnar 2018-2020, greinargerð um endurskoðun laga um vernd Breiðafjarðar, samantekt kynningarefnis vegna mögulegrar tilnefningar á Ramsarskrá auk fleiri smærri verkefna. Breiðafjarðarnefnd samþykkti í kjölfarið að auka starfshlutfall ritara upp í 60% frá seinni hluta september fram til áramóta og ritari fenginn til þess að vinna að þeim verkefnum sem voru á framkvæmdaáætlun 2017.

Hér að neðan er gerð stutt grein fyrir þessum verkefnum auk annarra verkefna sem komu inn á borð Breiðafjarðarnefndar árið 2017.

Framkvæmdaáætlun 2018-2020

Á fundi sínum þann 19. september 2017 markaði Breiðafjarðarnefnd sér ákveðna framtíðarsýn sem hún mun hafa að leiðarljósi á starfstíma sínum. Með þá framtíðarsýn í huga ásamt þeim forgangsatriðum sem sett eru fram í Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð 2014-2019 samþykkti Breiðafjarðarnefnd framkvæmdaáætlun fyrir tímabilið 2018-2021. Í henni er verkefnum raðað í forgangs röð eftir mikilvægi, þau tímasett og ábyrgðaraðili tilgreindur. Ritari Breiðafjarðarnefndar hefur leitt vinnuna í samstarfi við formann nefndarinnar og nefndina sjálfa. Í áætluninni er gert ráð

fyrir að sambærilegt fjármagn berist til nefndarinnar af fjárlögum og verið hefur síðastliðin ár. Tilgangur áætlunarinnar er að auðvelda yfirsýn yfir þau verkefni sem sett eru fram í verndaráætlun og að reyna að hámarka afköst nefndarinnar miðað við óbreyttar fjárveitingar. Það er þó ljóst að brýnt er að tryggja aukið fjármagn til aðgerða á verndarsvæði Breiðafjarðar svo að ná megi þeim markmiðum sem sett hafa verið fram fyrir svæðið. Í byrjun hvers árs fer nefndin yfir áætlun næstliðins árs, gerir upp árangurinn og endurskoðar áætlunina það sem eftir er af starfstímanum. Framkvæmdaáætlunina er að finna á heimasíðu nefndarinnar.

Endurskoðun laga um vernd Breiðafjarðar – greinargerð og drög að bréfi til ráðherra

Breiðafjarðarnefnd samþykkti að ritari tæki saman greinargerð um endurskoðun laga um vernd Breiðafjarðar. Hún skyldi send umhverfis- og auðlindaráðherra og hann hvattur til þess að beita sér fyrir því að lög um vernd Breiðafjarðar verði endurskoðuð með það að markmiði að efla vernd svæðisins með tilliti til náttúru- og menningarminja. Lögin um vernd Breiðafjarðar eru orðin 22 ára gömul og hafa aldrei verið endurskoðuð, þó á þeim hafi verið gerðar lítils háttar breytingar vegna annarra lagabreytinga. Er endurskoðun laganna og setning reglugerða, í því skyni að styrkja vernd Breiðafjarðar, meðal annars nefnd sem eitt af forgangsatriðum næstu ára í Verndaráætlun Breiðafjarðar 2014-2019. Skerpa þurfi á lögnum til þess að þau geti þjónað markmiðum sínum. Þau þurfi að gera haldbærari, skýrari og áhrifameiri.

Við endurskoðunina samþykkti Breiðafjarðarnefnd að leggja áherslu á sex meginatriði:

1. Gildissvið laganna: mörk verndarsvæðis Breiðafjarðar.
2. Stækkun verndarsvæðis Breiðafjarðar.
3. Að lögin endurspegli í ríkari mæli alþjóðasamninga á sviði náttúruverndar sem Íslendingar hafa fullgilt og stefnumörkun íslenskra stjórnvalda í umhverfismálum.
4. Fyrirkomulag stjórnar og reksturs verndarsvæðis Breiðafjarðar.
5. Skýrar reglur og refsíákvæði.
6. Setning reglugerða sem styðja og skýra lög um vernd Breiðafjarðar.

Jarða- og eigendaskrá

Eitt af verkefnum Breiðafjarðarnefndar er að sjá til þess að staðið sé að vernd menningarminja innan verndarsvæðisins. Í Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð 2014-2019 undir kaflanum um vernd menningarminja er minnst á að gerð verði jarðaskrá fyrir verndarsvæðið, m.a. með það að markmiði að skrá ábúendasögu þess. Eftir að hafa kynnt sér mismunandi aðferðir við samantekt slíkrar skrár samþykkti Breiðafjarðarnefnd á fundi sínum þann 28. nóvember að óska eftir samstarfi við sveitarfélög við Breiðafjörð við vinnslu slíkrar jarðaskrár. Í kjölfarið voru send bréf til sveitarfélaga og óskað eftir því að þau tækju saman yfirlit yfir jarðir á þeirra vegum sem liggja innan verndarsvæðis Breiðafjarðar, að hluta til eða að öllu leyti. Svör bárust frá fjórum sveitarfélögum.

Afleiðingar tilnefningar á Ramsarskrá

Í Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð 2014-2019 er tilnefning svæðisins á Ramsarskrána ein af þeim leiðum sem taldar eru styrkja enn frekar vernd svæðisins. Á síðastliðnum árum hefur nefndin unnið að því að kynna sveitarfélögum hvað í þessu felst. Nefndin ásetur sér að senda ítarlegar og aðgengilegar upplýsingar til sveitarfélaga um það hvað skráning á lista Ramsar felur í sér. Árið 2017 fól nefndin ritara að taka þessar upplýsingar saman svo þær verði tilbúnar til dreifingar og kynningar fyrir sveitarfélögin þegar nýjar sveitarstjórnir taka við sumarið 2018.

Örnefnaskráning

Nýskipuð Breiðafjarðarnefnd telur mikilvægt að halda áfram örnefnaskráningu á verndarsvæðinu. Nefndin átti gott samstarf við Landmælingar Íslands við að taka saman stöðu örnefnaskráningar á svæðinu með það að markmiði að skipuleggja næstu örnefnaskráningarverkefni. Nefndin sendi einnig þær skráningar sem hún hefur þegar yfir að ráða til Landmælinga sem bættu þeim inn í sinn gagnagrunn. Nefndin mun í framtíðinni leggja áherslu á að þeir sem vinna að örnefnaskráningum á hennar vegum verði í góðu samstarfi við Landmælingar Íslands um að allar skráningar verði vistaðar í þeirra gagnagrunni.

Náttúrustofa Vestfjarða hefur undanfarin ár unnið við skráningar örnefna fyrir Breiðafjarðarnefnd. Í lok árs 2017 skilaði náttúrustofan skýrslum um örnefnaskráningar á jörðunum Arnarbæli, Vogu og Víghólsstöðum, Ytra-Felli og Harastöðum. Eftir að skýrslurnar hafa farið í yfirllestur hjá heimildamönnum verða þær birtar á heimasíðu nefndarinnar.

Nefndinni barst árið 2017 styrkumsókn frá Þórði Sveinbjörnssyni þar sem óskað var eftir styrk til útgáfu rits og korts vegna örnefnaskráninga í Svefneyjum. Nefndin tók vel í sýnt frumkvæði og styrkti verkefnið um 450.000 kr. Skráningar Þórðar hafa verið gerðar aðgengilegar á heimasíðu nefndarinnar.

Bæklingar Breiðafjarðarnefndar

Breiðafjarðarnefnd hefur gefið út bæklingana „Fuglalíf á Breiðafirði“ og „Breiðafjörður - Náttúra og saga“ á bæði íslensku og ensku. Bæklingunum er m.a. dreift án endurgjalds af ferðapjónustuaðilum við Breiðafjörð. Einnig eru bæklingarnir aðgengilegir á heimasíðu Breiðafjarðarnefndar.

Hlunnindabæklingur

Nefndin hélt áfram vinnu við bækling um hlunnindanýtingu Breiðafjarðarsvæðinu. Bæklingurinn var sendur í uppsetningu og er áætlað að hann verði tilbúinn í síðasta lagi á vormánuðum 2018.

Öryggis- og umgengnisbæklingur

Í ágúst 2017 auglýsti Breiðafjarðarnefnd eftir tilboðum í gerð öryggis- og umgengnisbækling fyrir Breiðafjörð. Um er að ræða upplýsingabækling fyrir ferðamenn og aðra sem um verndarsvæðið

fara. Bæklingurinn verður í sama broti og fyrri bæklingar sem gefnir hafa verið út af Breiðafjarðarnefnd.

Tilboð bárust frá Náttúrustofu Vesturlands og Anok ehf. og var samþykkt að fá Náttúrustofuna til þess að sjá um korta- og textagerð og Anok ehf. til þess að sjá um uppsetningu. Áætluð skil eru á vormánuðum 2018 og verður bæklingurinn þá aðgengilegur á heimasíðu nefndarinnar auk þess sem hann verður prentaður.

Heimasíða Breiðafjarðarnefndar

Breiðafjarðarnefnd heldur úti heimasíðu á slóðinni www.breidafjordur.is. Þar má m.a. nálgast fundargerðir og starfsskýrslur nefndarinnar, verndaráætlun og framkvæmdaáætlun auk annarra skýrsla sem nefndin hefur styrkt og sem tengjast náttúru og menningu Breiðafjarðar.

Bæklingar nefndarinnar „Breiðafjörður – Náttúra og saga“ og „Fuglalíf á Breiðafirði“ eru einnig aðgengilegir á heimasíðunni.

Fornminjar

Á árinu 2017 styrkti Breiðafjarðarnefnd Fornminjafélag Barðstrendinga og Dalamanna um 1,5 milljón til gerðar minjakorts fyrir Flatey á Breiðafirði á grundvelli þeirra fornminjaskráninga sem félagið hefur þegar unnið á svæðinu. Áætlað er að gerð kortsins verði sumarið 2018.

Breiðafjarðarnefnd styrkti Fornminjafélag Barðstrendinga og Dalamanna einnig um 400.000 kr. til fornminjaskráningar og úrvinnslu gagna vegna fornminjarannsókna á Staðarhóli í Dalasýslu. Styrkinn skal nýta til þess hluta verkefnisins sem er innan verndarsvæðis Breiðafjarðar og snýr að strandmenningu.

Vettvangsferð

Breiðafjarðarnefnd fundaði í Bjarkarlundi þann 19. september 2017. Nefndin nýtti tækifærið og snæddi hádegisverð með fulltrúum sveitarstjórnar Reykhólasveitar og átti við þá áhugaverðar og upplýsandi umræður. Að fundi nefndarinnar loknum fóru fulltrúar hennar í vettvangsferð undir sérstaklega skemmtilegri og fróðlegri leiðsögn Svavars Gestssonar um fallett svæði.

Reglugerð um öflun sjávargróðurs

Árið 2017 kynnti atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti Breiðafjarðarnefnd drög að reglugerð um öflun sjávargróðurs í atvinnuskyni og óskaði eftir umsögn nefndarinnar. Veitti nefndin ráðuneytinu umsögn sína þar sem nefndin gerði nokkrar athugasemdir þar sem meðal annars var bent á mikilvægi skýrra og fljótvirkra úrræða til þess að stýra nýtingu sjávargróðurs. Nefndin benti á að svæðaskipting fjarðarins gæti einfaldað stýringuna varðandi þaratekju en ef tíðni þangsláttar væri takmörkuð væri slík svæðaskipting mögulega ónauðsynleg varðandi þangið. Nefndin benti einnig á að þangsláttur er hvergi heimill án leyfis landeiganda. Varðandi þaratekjuna taldi nefndin

að skilgreina þyrfti betur með hvaða hætti ráðherra skyldi meta hvort ástæða sé til að skipta nýtingarsvæðum sjávargróðurs utan netlaga.

Önnur mál

Öll önnur mál sem Breiðafjarðarnefnd fjallaði um á árinu og afgreiddi er að finna í meðfylgjandi fundargerðum nefndarinnar í viðauka.

Viðauki

Til að veita ráðherra, almenningi og sveitarfélögum innsýn í starfsemi Breiðafjarðarnefndar fylgja starfsskýrslunni í viðauka fundargerðir Breiðafjarðarnefndar frá árinu 2017.

Óski ráðherra eftir frekari upplýsingum um störf Breiðafjarðarnefndar á árinu 2017 verða þær að sjálfsögðu veittar.

f.h. Breiðafjarðarnefndar

Erla Friðriksdóttir

formaður

Fundargerðir Breiðafjarðarnefndar 2017

157. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 19. júní 2017 í Stykkishólmi

Mætt: Erla Friðriksdóttir formaður, Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Eiríkur Snæbjörnsson, Róbert Arnar Stefánsson, Agnes Stefánsdóttir, Eyjólfur Ingvi Bjarnason og Ragnhildur Sigurðardóttir.

Fundarritari: Theódóra Matthíasdóttir (TM)

Formaður setti fund kl. 10:30.

Ný nefnd – kynning

Í nýskipaðri nefnd sitja Ragnhildur Sigurðardóttir, framkvæmdastýra Svæðisgarðs Snæfellinga, Eyjólfur Ingvi Bjarnason bóndi í Ásgarði í Hvammssveit og ráðunautur hjá Ráðgjafarmiðstöð Landbúnaðarins, Erla Friðriksdóttir sem rekur dúnhreinsun í Stykkishólmi og rekur Æðarsetur Íslands, Agnes Stefánsdóttir fulltrúi Minjastofnunar Íslands en hún er varamaður Magnúsar A. Sigurðssonar, Guðríður Þorvarðardóttir, sérfræðingur í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, Eiríkur Snæbjörnsson bóndi í Reykhólasveit og Róbert Arnar Stefánsson forstöðumaður Náttúrustofu Vesturlands.

Lög um vernd Breiðafjarðar

Guðríður kynnir lög um vernd Breiðafjarðar en síðan þau voru sett árið 1995 hafa orðið nokkrar breytingar á þeim. Nefndinni ber að gefa út og vinna samkvæmt verndaráætlun fyrir Breiðafjörð og sinna bæði menningar- og náttúruminum. Nefndin er ráðgefandi fyrir umhverfisráðherra og heyrir ekki undir neina stofnun, heldur beint undir ráðherra.

Afgreiðsla:

Lagt til að skoðað verði hvort endurskoða þurfi lög um vernd Breiðafjarðar og verður það tekið upp á næsta fundi nefndarinnar.

Kynning á breytingu á lögum um umgengni um nytjastofna sjávar, lögum um stjórn fiskveiða og lögum um veiðigjald (öflun sjávargróðurs í atvinnuskyni).

Róbert kynnti ný lög um öflun sjávargróðurs og þær breytingar sem gerðar voru á lögum um umgengni um nytjastofna sjávar. Undir lokin urðu grundvallarbreytingar á lagafrumvarpinu sem voru mjög mikilvægar fyrir verndar- og varúðarsjónarmið.

Afgreiðsla:

Nefndin fagnar þeim breytingum sem gerðar voru á lögnum en minnir á að nauðsynlegt sé að fylgja lögnum eftir.

Mörk verndarsvæðis Breiðafjarðar

Fyrirspurn frá Hildigunni Haraldsdóttur, Húsum og skipulagi ehf, fyrir hönd Snæfellsbæjar vegna gerðar aðalskipulags Snæfellsbæjar. Fyrirspurn sama efnis frá Hildi Vésteinsdóttur, Umhverfisstofnun.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd á ekki hnitsett gögn sem sýna mörk verndarsvæðisins. Í samræmi við lög um vernd Breiðafjarðar nr. 54/1995 nær verndarsvæðið til allra eyja, hólma og skerja á Breiðafirði ásamt fjörum í innri hluta fjarðarins sem markast af línu dreginni frá Ytranesi á Barðaströnd við fjörðinn norðanverðan í Hagadrápssker um Oddbjarnarsker, Stagley og Höskuldsey í Vallabjarg að sunnanverðu (2. gr. laganna). Almenn regla er - þar sem markalýsing er ekki nákvæmari en raun ber vitni í lögum eða reglugerð - að svæði nái upp að hæstu stórstraums flóðmörkum og til sjávar ráði netlög, þ.e. 115 m. Gildir einnig fyrir eyjar, hólma og sker. Nefndin leggur til að kanna þörf á að breyta lögum varðandi mörk verndarsvæðis og hnitsetningu þessara marka.

Umsögn um greiningarskýrslu svæðisskipulags Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar

Erindi frá Matthildi Kr. Elmarsdóttur, Alta ehf., fyrir hönd svæðisskipulagsnefndar Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar. Óskað er eftir umsögn um greiningarskýrslu vegna svæðisskipulags í formi ábendinga, hugmynda, tillagna eða spurninga um efni hennar.

Afgreiðsla:

Nefndin hefur áhuga á að koma með tillögur og ábendingar en þar sem nokkur tími er liðinn frá frestinum sem gefinn var í erindinu leggur nefndin til að kallað verði eftir nýjasta eintaki skýrslunnar.

Umsögn varðandi aðalskipulagsbreytingu fyrir Berserkseyri

Erindi frá skipulags- og byggingarfulltrúa Grundarfjarðarbæjar. Óskað er eftir umsögn nefndarinnar vegna aðalskipulagsbreytingar fyrir Berserkseyri.

Afgreiðsla:

Nefndin gerir ekki athugasemdir við skipulagið varðandi verndarsvæði Breiðafjarðar. Nefndin afgreiddi umsögn um deiliskipulag fyrir svæðið þann 27. ágúst 2013.

Umsókn frá Fornleifafélagi Barðstrenginga og Dalamanna um styrk til minja- og sögurannsókna á Staðarhóli í Saurbæ

Erindi frá Guðrúnu Öldu Gísladóttur fyrir hönd Fornleifafélags Barðstrenginga og Dalamanna.

Afgreiðsla:

Þar sem ný nefnd er nýtekin til starfa er enn ekki til samþykkt fjárhagsáætlun fyrir Breiðafjarðarnefnd fyrir árið 2017. Lagt til að fresta erindi þangað til á næsta fundi nefndarinnar, þegar fjallað verður um fjárhagsáætlun. Nefndin bendir þó á að almennt styrki hún ekki verkefni sem tengjast verndarsvæðinu ekki beint.

Umsögn um tillögu að deiliskipulagi fyrir Kirkjuból í Kvígindisfirði

Erindi frá skipulags- og byggingarfulltrúa Dalabyggðar, Reykhóla-, Kaldrananes- og Árneshrepps.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd gerir ekki athugasemdir þar sem skipulagið er fyrir utan verndarsvæðið.

Umsögn um tillögu að deiliskipulagi fyrir Dal í Kvígindisfirði

Erindi frá skipulags- og byggingarfulltrúa Dalabyggðar, Reykhóla-, Kaldrananes- og Árneshrepps.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd gerir ekki athugasemd þar sem skipulagið er fyrir utan verndarsvæðið.

Umgengni- og öryggisbæklingur fyrir Breiðafjörð

Árið 2016 var samþykkt að leggja 1,5 milljónir í gerð umgengni- og öryggisbæklings fyrir Breiðafjörð. Málið hefur dregist vegna þess hversu hægt gekk að skipa nýja fulltrúa í nefndina.

Afgreiðsla:

Nefndin ásetur sér að leita eftir samstarfi við t.d. Safetravel, Samgöngustofu og verkefni um ábyrga ferðaþjónustu. Ritari sér um að leita að efni sem ætti heima í slíkum bæklingi. Óskað verður eftir tilboðum í gerð bæklingsins.

Vettvangsferð Breiðafjarðarnefndar

Áætlað er að fara í vettvangsferð í lok sumars eða byrjun hausts. Eiríkur kynnti hugmyndir að áfangastöðum ferðarinnar.

Afgreiðsla:

Ritari tekur að sér að finna heppilegar dagsetningar fyrir ferðina. Stefna skal á að hitta bæjarfulltrúa á þeim svæðum sem heimsótt verða.

Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð

Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð dreift til nefndarmanna.

Afgreiðsla:

Lagt til að nefndarmenn skoði áætlunina og velti fyrir sér hvernig forgangsraða skuli verkefnum. Áætlunin verður tekin fyrir á næsta eða þarnæsta fundi nefndarinnar og farið yfir tillögur að málum sem leggja skal áherslu á.

Önnur mál

Á heimasíðu Umhverfisstofnunar er að finna stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Flatey. Liggur þar fyrir tillaga um að breyta friðlýsta svæðinu, Friðland í Flatey.

Á vegum Hafró er verið að vinna skýrslu um mikilvæg verndarsvæði í hafi. Skýrslan er ekki orðin opinber en vert er að fylgjast með henni.

Mikilvægt er að sú örnefnaskráning sem hefur farið fram á vegum nefndarinnar renni til Landmælinga Íslands. Verkefni næstu missera ætti að vera að fara yfir hvaða skráningar eru til.

Fundi slitið kl. 13:00.

158. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 2. ágúst 2017 í Búðardal

Mætt: Erla Friðriksdóttir formaður, Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Róbert Arnar Stefánsson, Magnús Á. Sigurðsson, Eyjólfur Ingvi Bjarnason og Ragnhildur Sigurðardóttir. Arnheiður Jónsdóttir og Eiríkur Snæbjörnsson boðuðu forföll.

Fundarritari: Theódóra Matthíasdóttir (TM)
Formaður setti fund kl. 10:30.

Fundargerð 157. fundar

Afgreiðsla:

Fundargerðin var upplestin og samþykkt.

Erindi frá Vegagerðinni: Tillaga að matsáætlun vegna Vestfjarðavegar. Óskað eftir athugasemdum.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd vekur athygli á að þverun Vatnsfjarðar skerðir verndargildi svæðisins en fjörðurinn er friðland, sbr. auglýsingu Stj.tíð. B nr. 96/1975, og hluti af verndarsvæði Breiðafjarðar, sbr. lög nr. 54/1995. Í tillögu að matsáætlun, kafla 5.5 um heimildir, vantar inn nýja skýrslu á vegum Náttúrufræðistofnunar Íslands um mikilvæg fuglasvæði á Íslandi. Í kafla 6.2. er talað um að Breiðafjarðarnefnd sé leyfisveitandi, en rétt er að nefndin er umsagnaraðili og til ráðgjafar, en Umhverfisstofnun er leyfisveitandi.

Erindi frá Svæðisskipulagsnefnd Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar: Ósk um umsögn, tillögur og ábendingar varðandi drög að svæðisskipulagi.

Nýjustu drög að svæðisskipulagi yfirfarin.

Afgreiðsla:

Bentu nefndarmenn á nokkur atriði sem hafa mætti í huga við áframhaldandi vinnu við svæðisskipulagið:

- Inn í textann vantar greinar nr. 2 og 3 í náttúruverndarlögum.
- Breiðafjörður er ekki eina verndaða hafsvæði við Ísland eins og tilgreint er í drögunum (bls. 14).
- Hvað umsagnaraðila varðar vantar nokkuð inn í listann, t.d. Helgafellssveit, Breiðafjarðarfléttu, Landvernd, Hlunnindasafnið á Reykhólum, Vör, Þörungaverksmiðjuna á Reykhólum, æðarræktarfélögin á svæðinu.
- Í drögunum eru tilgreindar mögulegar reið- og gönguleiðir meðfram ströndum á svæðinu. Hafa verður í huga að beina fólki á þá staði þar sem aðstaða og þjónusta er fyrir hendi.

- Á bls. 28 er rætt um mögulega samstarfsaðila, þar ætti að bæta Náttúrustofu Vesturlands og Hafrannsóknarstofnun inn.
- Breiðafjarðarnefnd leggur áherslu á að í svæðisskipulagsgerð ætti að koma fram stefnumótun um frekari skipulagsgerð fyrir eyjar og hafsvæði, þar sem að hugmyndir sveitarfélaganna um framtíð verndarsvæðisins/eyjanna/hafsvæðisins koma fram. Þar þyrfti meðal annars að taka afstöðu til ýmis konar ræktunar/eldis í sjó m.t.t. framandi tegunda og þeirra sem þegar eru fyrir á svæðinu. Breiðafjarðarnefnd hefur þegar lagt til við sveitarfélögin að ráðist verði í gerð sameiginlegs skipulags (svæðisskipulags) fyrir verndarsvæðið (eyjarnar og hafsvæðið).
- Í drögin vantar almennt eitthvað um vernd jarðminja á svæðinu.
- Nefndin bendir á að Minjaráð Vesturlands hefur ályktað um nauðsyn þess að húsakönnun verði gerð í eyjunum á Breiðafirði.
- Í skýrsluna ætti að fara kort sem sýnir friðlýst æðarvarp á svæðinu.

Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð

Farið var yfir þau verkefni sem sett eru fram í verndaráætlun fyrir Breiðafjörð 2014-2019. Óskað eftir tillögum frá nefndarmönnum að verkefnum sem þeim þykir brýnast að ráðast í.

Afgreiðsla:

Á verndaráætlun er mikið af verkefnum sem ættu að klárast árið 2019. Nefndin telur að gera þurfi framkvæmdaáætlun upp úr verndaráætluninni þar sem verkefnum er raðað í forgangs röð eftir mikilvægi, tímasett, kostnaðarmetin og ábyrgðaraðili tilgreindur fyrir hvert verkefni og hver kostar verkefnið.

Nokkur verkefni voru efst í huga nefndarmanna:

- Endurskoðun laga um vernd Breiðafjarðar, færa rök fyrir því að endurskoða þurfi lögin.
- Reglugerðir um menningar- og náttúruminjar. Nefndin skilaði á sínum tíma reglugerð fyrir menningarminjar en nú hafa lög um menningarminjar breyst.
- Tilnefning Breiðafjarðar á Ramsar.
- Samantekt á jarða- og eigendaskrá fyrir verndarsvæðið.
- Áframhaldandi örnefnaskráning.
- Ráðast í verkefni til þess að renna styrkum stoðum undir eyjabúskap og aðra hefðbundna nýtingu hlunninda. Mögulega með heimsóknum í skóla, dvalarheimili o.s.frv., fyrirlestur, verkefnum, samvinnu.
- Gera nefndina sýnilega.
- Gera tillögu um stækkun verndarsvæðis Breiðafjarðar.
- Athuga með möguleika á tilnefningu svæðisins á heimsminjaskrá.

Samþykkt var að ritari nefndarinnar sæi um að taka saman framkvæmda- og kostnaðaráætlun fyrir árið 2017 og þar yrði meðal annars tilgreind gerð framkvæmdaáætlunar fyrir næstu ár. 3

Fjárhagsáætlun Breiðafjarðarnefndar 2017

Drög að fjárhagsáætlun kynnt.

Afgreiðsla:

Fjárhagsáætlun tekin fyrir á næsta fundi samhliða framkvæmda- og kostnaðaráætlun fyrir 2017.

Verkefni frá síðasta ári

Enn eru nokkur verkefni útistandandi frá árinu 2016. Kostnaðaráætlun lögð fram vegna þeirra verkefna.

Afgreiðsla:

Ritara falið að koma verkefnum í farveg.

Vettvangsferð 2017

Afgreiðsla:

Ekki er stefnt að vettvangsferð í ár vegna tímaleysis en í staðinn er stefnt að því að funda með fulltrúum sveitarfélaga við verndarsvæðið samhliða fundum nefndarinnar.

Önnur mál

Afgreiðsla:

Kynnt var ný reglugerð um varnir gegn mengun frá skipum. Viðbót við reglugerð sem gerð var í samræmi við Marpol samning frá 1973. Reglugerðina er að finna á heimasíðu Umhverfissráðuneytis.

Fundi slitið kl. 14:50.

Hádegisverður var snæddur með fulltrúum sveitarstjórnar Dalabyggðar og þakkar Breiðafjarðarnefnd þeim fyrir áhugaverðar samræður.

159. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 19. september 2017 í Bjarkalundi

Mætt: Erla Friðriksdóttir formaður, Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Róbert Arnar Stefánsson, Magnús Á. Sigurðsson, Ragnhildur Sigurðardóttir, Eiríkur Snæbjörnsson, Arnheiður Jónsdóttir.

Eyjólfur Ingvi Bjarnason forfallaðist.

Fundarritari: Theódóra Matthíasdóttir (TM)

Formaður setti fund kl. 10:30.

Fundargerð 158. fundar

Afgreiðsla: Fundargerðin var upplesin og samþykkt.

Erindi frá Umhverfisstofnun varðandi skilti í Flatey

UST óskar eftir hugmyndum og skoðunum vegna uppsetningar skilta í Flatey.

Afgreiðsla:

Á Tröllenda í Flatey stendur skilti á vegum Breiðafjarðarnefndar. Nefndin óskar eftir því að tekið sé mið af því skilti við hönnun nýrra skilta (sérstaklega ef nýjum skiltum er ætluð svipuð staðsetning).

Nefndin bendir einnig á mikilvægi í samræmingu þess texta sem á skiltin fer svo ekki sé verið að tvítaka hlutina. Nefndin telur að upplýsingaskilti ættu almennt að vera staðsett á Tröllaenda en ekki á víð og dreif um eyjuna. Skilti sem tilgreina friðlandið, umgengnisreglur um það og lokunartíma þess séu þó staðsett á mörkum friðlandsins. Nefndin bendir á að á þeim skiltum sem tilgreina lokunartíma friðlands sé gætt samræmis við gildandi auglýsingu.

Erindi frá Fornleifafélagi Barðstrendinga og Dalamanna: umsókn um gerð minjakorts

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd samþykkir að styrkja Fornleifafélag Barðstrendinga og Dalamanna um 1,5 milljón til gerðar minjakorts fyrir Flatey á grundvelli þeirra fornminjaskráninga sem félagið hefur þegar unnið þar. Breiðafjarðarnefnd ítrekar að gott samstarf verði haft við hlutaðeigandi aðila við vinnslu kortsins, svo sem íbúa Flateyjar, Framfarafélag Flateyjar og Minjastofnun.

Öryggis- og umgengnisbæklingur: yfirferð tilboða

Róbert vék af fundi.

Tilboð barst frá Náttúrustofu Vesturlands, annars vegar í texta- og kortavinnslu og hins vegar í texta- og kortavinnslu og uppsetningu. Tilboð barst frá Anok ehf. í uppsetningu.

Afgreiðsla:

Samþykkt var að taka tilboði í texta- og kortavinnslu frá Náttúrustofu Vesturlands og í uppsetningu frá Anok.

Örnefnaskráningar

Theó gerir grein fyrir hver staðan á örnefnaskráningaverkefni Náttúrustofu Vestfjarða er. Verkefnið var styrkt af Breiðafjarðarnefnd árið 2015 og hófst vinna við skráningu þá um haustið. Verkefninu er ekki lokið.

Afgreiðsla:

Nefndin telur að taka þurfi saman það sem skráð hefur verið á vegum Breiðafjarðarnefndar, Landmælinga Íslands og einkaaðila og hvað eftir standur. Samþykkt að Theódóra sjái um að óska eftir yfirlitskorti yfir þær skráningar sem Náttúrustofa Vestfjarða hefur unnið. Einnig þarf að athuga hvað til er hjá Landmælingum Íslands. Æskilegt væri að þær örnefnaskýrslur sem nefndin hefur yfir að ráða væru birtar á heimasíðu nefndarinnar og komið til Landmælinga.

Framkvæmdaáætlun 2017

Theódóra kynnti drög að framkvæmdaáætlun 2017.

Í verndaráætlun fyrir Breiðafjörð 2014-2019 er urmull verkefna sem gert var ráð fyrir að ljúka á gildistíma áætlunarinnar. Á fundi Breiðafjarðarnefndar í ágúst var samþykkt að ritari mótaði drög að framkvæmdaáætlun fyrir starf á vegum nefndarinnar til ársloka 2017, m.a. með hliðsjón af umræðum á fyrstu tveim fundum nefndarinnar.

Mælt er með því að þegar ný Breiðafjarðarnefnd tekur til starfa setji hún sér skýra stefnu og markmið með hliðsjón af því hvað hún telur mest aðkallandi og á hvað hún ætlar að leggja mesta áherslu á starfstíma sínum. Nefndin geri svo tímasetta framkvæmdaáætlun til fjögurra ára í samræmi við setta stefnu. Í ársbyrjun fari nefndin yfir áætlun næstliðins árs, geri upp árangurinn og endurskoði áætlunina það sem eftir er af starfstímanum.

Í drögum að framkvæmdaáætlun fyrir seinni hluta ársins 2017 eru verkefni á borð við framkvæmdaáætlun 2018-2020, greinargerð um endurskoðun laga um vernd Breiðafjarðar, samantekt kynningarefnis vegna Ramsar auk fleiri smærri verkefna.

Afgreiðsla:

Samþykkt að auka starfshlutfall ritara upp í 60% til áramóta og ritari fenginn til þess að vinna að verkefnum á framkvæmdaáætlun 2017. Formanni er falið að gera samning við Náttúrustofu Vesturlands.

Fjárhagsáætlun 2017

Drög að fjárhagsáætlun 2017 kynnt.

Afgreiðsla:

Drög samþykkt.

Önnur mál

Afgreiðsla:

Verndaráætlun fyrir Flatey borin upp. Nefndarmenn hvattir til þess að lesa yfir áætlunina og gera athugasemdir. Ritari mun kalla eftir athugasemdum frá nefndarmönnum, samræma þær og senda á UST. Afgreitt í gegnum tölvupóst og formlega á næsta fundi.

Fundi slitið kl. 12:00.

Nefndin snæddi hádegisverð með fulltrúum sveitarstjórnar Reykhólasveitar og þakkar þeim fyrir áhugaverðar og upplýsandi umræður. Að fundi loknum fór nefndin í vettvangsferð undir leiðsögn Svavars Gestssonar. Farið var um Svínadal, Fellsströnd og Skarðsströnd og þakkar nefndin fyrir sérstaklega skemmtilega og fróðlega leiðsögn um fallett svæði.

160. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 18. október 2017 í Stykkishólmi

Mætt: Erla Friðriksdóttir formaður, Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Róbert Arnar Stefánsson, Eyjólfur Ingvi Bjarnason, Ragnhildur Sigurðardóttir, Eiríkur Snæbjörnsson og Arnheiður Jónsdóttir.

Fundarritari: Theódóra Matthíasdóttir (TM)

Formaður setti fund kl. 10:30.

Fundargerð 159. fundar

Afgreiðsla: Fundargerðin var upplestin og samþykkt.

Fjármál

Drög að fjárhagsáætlun lögð fram

Afgreiðsla:

Drög samþykkt

Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Flatey

Afgreiðsla:

Nefndin gerði ýmsar athugasemdir sem sendar verða til Umhverfisstofnunar.

Erindi frá Svæðisskipulagsnefnd Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar: Ósk um umsögn um svæðisskipulag Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar

Leitað eftir umsögn við svæðisskipulagstillögu og tilheyrandi umhverfisskýrslu.

Afgreiðsla:

Nefndin gerir ekki athugasemdir að svo stöddu en nefndarmenn munu kynna sér tillögurnar betur næstu daga og senda ritara athugasemdir ef einhverjar verða. Frestur til þess að gera athugasemdir er til 28. október.

Erindi frá Reykhólahreppi: ósk um umsögn um lýsingu vegna fyrirhugaðrar breytingar á aðalskipulagi

Erindi lagt fram.

Afgreiðsla:

Nefndin vísar í fyrri athugasemdir sem hún hefur gert um veglínuna og ítrekar mikilvægi þess að full fallaskipti séu tryggð. Nefndin leggur áherslu á að fram fari rannsóknir á straumakerfum og setflutningi. Breiðafjarðarnefnd hefur aðeins lögsögu um það sem snýr að fjörum og eyjum og tjáir sig því ekki um aðra hluta mögulegra framkvæmda innan skipulagsins.

Fornleifafélag Barðstrendinga og Dalamanna: verk- og tímaáætlun vegna minjakorts Flateyjar

Verk- og tímaáætlun yfirfarin.

Afgreiðsla:

Áætlun samþykkt.

Fornleifafélag Barðstrendinga og Dalamanna: umsókn til minja- og sögurannsókna á Staðarhóli í Saurbæ

Erindi lagt fram, umsókn og verkáætlun fyrir verkefnið.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd styrkir verkefnið ekki eins og það er lagt fram en nefndin er jákvæð fyrir að taka upp endurskoðaða umsókn sem tengist verndarsvæði Breiðafjarðar með beinum hætti.

Gróðurskýrsla á vegum Háskólaseturs Snæfellsness: staða

Theó gerir grein fyrir stöðu verkefnisins. Áætlað er að skýrslu verði skilað í síðasta lagi í byrjun næsta árs.

Afgreiðsla:

Theó falið að fylgja málinu eftir.

Hlunnindabæklingur: staða

Enskt handrit í þýðingu.

Afgreiðsla:

Theó falið að fylgja málinu eftir.

Örnefnaskráning: staða

Ekki hafa borist svör um tímaáætlun verkloka á örnefnaskráningu frá Náttúrustofu Vestfjarða.

Afgreiðsla:

Theó falið að óska eftir upplýsingum frá LMÍ um það hvað er búið að skrá og hvað vantar.

Nýting auðlinda Breiðafjarðar

Erla og Róbert gerðu grein fyrir erindum sem haldin voru á kynningarfundum um atvinnu- og skipulagsmál í Stykkishólmi miðvikudaginn 4. október.

Afgreiðsla:

Jónas P. Jónasson frá Hafró gerði grein fyrir rannsóknum og nýtingu á hörpuskel á Breiðafirði. Í fyrirsjáanlegri framtíð er ekki gert ráð fyrir að hægt verði að fara í hörpuskeljaveiðar í einhverju magni. Tilraunaveiðar munu þó halda áfram á næstu árum. Nauðsynlegt er að fara hægt í sakirnar þar sem um ágenga veiðiaðferð er að ræða. Karl Gunnarsson frá Hafró sagði frá rannsóknum á klóþangi. Fyrsti áfangi þeirra rannsókna snerist um að meta magn klóþangs í Breiðafirði. Það sama er nú í gangi fyrir þarann. Hafnar eru vaxtarmælingar á klóþangi en enn vantar allar rannsóknir á áhrifum á lífríkið í heild sinni.

Róbert Stefánsson frá Náttúrustofu Vesturlands fjallaði um sjálfbærni og benti á að sjálfbærni hugtakið næði yfir jafnvægi samfélags, umhverfis og efnahags og helst þyrftu samfélagsþættirnir og efnahagsþættirnir allir að rúmast innan umhverfisþáttanna ef sjálfbærni á að nást. Róbert bar upp þá spurningu hvort lífríkið bæri það magn þara- og þangtekju sem stefnt er að? Hann spurði einnig hvort nýtingin verði sjálfbær og hvort hún ógni ekki öðrum þáttum í vistkerfinu? Þang og þari eru uppstaða fæðu fyrir margar tegundir m.a. hörpudisk og krækling og þaraskógarnir eru einnig búsvæði annarra tegunda eins og t.d. smáporska. Áhrif nýtingar þangs og þara hafa aldrei verið rannsökuð hér á landi. Hann telur þó ekki ástæðu til að hafa áhyggjur af nytjapörungum en hugsanlega af öðru lífríki.

Önnur mál

Fjármál

Rætt var hvernig ráðstafa skyldi þeim fjármunum sem nefndin hefur yfir að ráða til áramóta. Nokkrar hugmyndir komu upp s.s. jarða- og eigendaskrá (listi yfir jarðir og tengiliði). Einnig var rædd hugmynd um kortlagningu áhugaverðra fuglaskoðunarstaða við fjörðinn. Væri tækifæri fyrir sveitarfélög til uppbyggingar og myndi nýtast sem grunnur í bæklingsgerð.

Verndarsvæði í byggð

Á fyrstu árum Breiðafjarðarnefndar var mikið rætt um hvernig hægt væri að vernda gamla þorpið í Flatey. Nú hafa verið sett lög um verndarsvæði í byggð og æskilegt væri að kanna hvort Reykhólahreppur er byrjaður að huga að því að sækja um verndun vegna Flateyjar.

Vinnuhópur um þjóðgarðastofnun

Settur hefur verið saman vinnuhópur á vegum umhverfis- og auðlindaráðherra sem þegar hefur fundað þrisvar vegna undirbúnings fagstofnunar fyrir öll verndarsvæði á landinu. Ætlunin er að sameina öll verndarsvæði undir einn hatt og gera má ráð fyrir að verndarsvæði Breiðafjarðar fari þarna undir.

Fundi slitið kl. 13:40.

161. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 28. nóvember 2017 í Stykkishólmi

Mætt: Erla Friðriksdóttir formaður, Róbert Arnar Stefánsson, Eyjólfur Ingvi Bjarnason, Ragnhildur Sigurðardóttir, Eiríkur Snæbjörnsson og Magnús A. Sigurðsson.

Fundarritari: Theódóra Matthíasdóttir (TM)

Formaður setti fund kl. 10:30.

Fundargerð 160. fundar

Afgreiðsla: Fundargerðin var upplasin og samþykkt.

Fjármál

Drög að fjárhagsáætlun lögð fram.

Afgreiðsla:

Drög samþykkt.

Reglugerð um öflun sjávargróðurs: umsögn

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti óskar eftir umsögn um drög að reglugerð um öflun sjávargróðurs.

Afgreiðsla:

Nefndarmenn komu með ýmsar athugasemdir en nefndin bendir meðal annars á að stýring nýtingar sjávargróðurs sé vandmeðfarin, ekki síst vegna eignarhalds auðlindarinnar. Hún telur að svæðaskipting Breiðafjarðar gæti þó einfaldað stýringuna varðandi þarann en ef tíðni þangsláttar er takmörkuð er slík svæðaskipting mögulega ónauðsynleg varðandi þangið. Nefndin telur því mikilvægt að í reglugerðinni sé fjallað um hámarkstíðni þangsláttar á hverju svæði. Nefndin bendir á að þangsláttur er hvergi heimill án leyfis landeiganda né heldur öflun þara innan netlaga jarða. Athugasemdir nefndarinnar verða teknar saman og sendar til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis.

Erindi frá Þórði Sveinbjörnssyni: ósk um styrk vegna prentunar örnefnaskráninga úr Svefneyjum

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd tekur jákvætt í erindið en óskar eftir sundurliðaðri kostnaðar- og tekjuáætlun þar sem það er forsenda styrkveitinga hjá nefndinni. Breiðafjarðarnefnd er samþykk því að styrkja verkefnið um allt að 450.000 kr. að uppfylltum skilyrðum og að afraksturinn verði aðgengilegur á heimasíðu nefndarinnar.

Erindi frá Fornleifafélagi Barðstrendinga og Dalamanna: Ósk um styrk vegna fornminjarannsókna á Staðarhóli

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd samþykkir að styrkja Fornleifafélag Barðstrendinga og Dalamanna um allt að 400.000 kr. til fornminjaskráningar og úrvinnslu gagna að uppfylltum skilyrðum um kostnaðar- og tekjuáætlun. Styrkinn skal nýta til þess hluta verkefnisins sem er innan verndarsvæðis Breiðafjarðar og snýr að strandmenningu. Afrakstur verkefnisins skal vera aðgengilegur á heimasíðu Breiðafjarðarnefndar.

Örnefnaskráningar

Farið yfir stöðu örnefnaskráninga á verndarsvæðinu og næstu skef.

Afgreiðsla:

Náttúrustofa Vestfjarða áætla að skila örnefnaskráningum til nefndarinnar fyrir 1. desember. Samþykkt að taka saman yfirlit yfir þau svæði þar sem eftir á að skrá örnefni.

Jarða- og eigendaskrá

Samantekt jarða- og eigendaskrár fyrir verndarsvæði Breiðafjarðar færi fram í samvinnu við Þjóðskrá Íslands og myndi fela í sér nokkurn kostnað.

Afgreiðsla:

Nefndin samþykkir að óska eftir upplýsingum frá sveitarfélögum við Breiðafjörð um hvaða jarðir sveitarfélaganna liggja inn á verndarsvæði Breiðafjarðar.

Drög að greinargerð um breytingar á lögum um vernd Breiðafjarðar

Theó kynnti drög að erindi til umhverfisráðherra ásamt greinargerð vegna endurskoðunar laga um vernd Breiðafjarðar.

Afgreiðsla:

Samþykkt að vinna drögin áfram m.t.t. athugasemda sem fram komu á fundinum. Nefndin vinnur málið áfram í gegnum tölvupóst og málið verður tekið fyrir á næsta fundi.

Gestastofa Snæfellsness

Ragnhildur Sigurðardóttir kynnti Gestastofu Snæfellsness og mögulegt samstarf við Breiðafjarðarnefnd.

Önnur mál

Vinnureglur um úthlutun styrkja

Theó gerir drög að vinnureglum fyrir næsta fund nefndarinnar þar sem fram koma forsendur fyrir afgreiðslu styrkumsókna.

Fundi slitið kl. 15:00.